

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 173/2017

2019/EES/52/24

frá 22. september 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/794 frá 10. maí 2017 um að samþykkja kísiltvíoxíð (kísilgúr) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/795 frá 10. maí 2017 um að samþykkja hitavaldandi, tilbúið, myndlaust, nanó, yfirborðsmeðhöndlað kísildíoxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/796 frá 10. maí 2017 um að samþykkja díklóflúaníð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/802 frá 10. maí 2017 um að samþykkja ekki PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 5 ⁽⁴⁾.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2291) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzm. **32017 R 0794:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/794 frá 10. maí 2017 um að samþykkja kísiltvíoxíð (kísilgúr) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjttð. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 7).

12zzzzn. **32017 R 0795:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/795 frá 10. maí 2017 um að samþykkja hitavaldandi, tilbúið, myndlaust, nanó, yfirborðsmeðhöndlað kísildíoxíð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjttð. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 10).

12zzzzo. **32017 R 0796:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/796 frá 10. maí 2017 um að samþykkja díklóflúaníð sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (Stjttð. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 13).

12zzzzp. **32017 D 0802:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/802 frá 10. maí 2017 um að samþykkja ekki PHMB (1600; 1.8) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 5 (Stjttð. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 29).“

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 7.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 10.

⁽³⁾ Stjttð. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjttð. ESB L 120, 11.5.2017, bls. 29.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/794, (ESB) 2017/795, (ESB) 2017/796 og (ESB) 2017/802, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.